

Lítið þokast í verkfallsdeilu

● Enginn formlegur fundur í fjórtán daga

Sólrún Lilja Ragnarsdóttir
Dóra Ósk Halldórsdóttir

Enginn formlegur samningafundur hefur verið haldinn í kjaradeilu Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga undanfarna 14 daga. Formenn samningaefnda hittust á miðvikudag og fimmtudag og í gær funduðu samningaefndir sitt í hvoru lagi.

Inga Rún Ólafsdóttir, formaður samningaefnda Sambands íslenskra sveitarfélaga, sagði ólíklegt að eitt hvað yroi gert um helgina, en að vinna og undirbúningur héldu áfram.

Þrettán skólar boðað verkföll

Verkfallið hófst í níu skólum 29. október sl. og alls hafa 13 skólar boðað verkföll. Í Laugavegsskóla í Reykjavík, Áslandsskóla í Hafnarfirði og Lundarskóla á Akureyri er verkfallið tímabundið og stendur til 22. nóvember. Í Fjölbautaskóla Suðurlands á Selfossi og Tónlistarskóla Ísafjarðar standa verkföll til 20. desember.

Verkfallsaðgerðir í leikskólum eru ótímabundnar og má gera ráð fyrir að þær standi yfir þar til samningar nást. Unn er að reða leikskólana Ársali á Sauðárkröku, Holt í Reykjanæsbæ, Drafnarstein í Vesturbæ Reykjavíkur og Leikskóla Seltjarnarness.



Morgunblaðið/Karitas

Verkfall það gerist ekki mikið í skólaföllum í verkfalli kennara.

Á mánudaginn, 18. nóvember, hefst verkfall kennara í Menntaskólanum í Reykjavík og stendur til 20. desember. Það átti að hefjast 11. nóvember en var frestað því að endurtaka þurfti atkvæðagreiðslu um það. Þá hefst verkfall í Árbæjarskóla í Reykjavík, Garðaskóla í Garðabæ og Heiðarskóla í Reykjanæsbæ 25. nóvember nk. og standa til 20. desember.

Hugsanlega viðtækari aðgerðir

Ef ekkert gengur í samningaviðræðum útilokar Magnús Þór Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands, ekki að gripið verði til viðtækari verkfallsaðgerða. Hann segir að kennarar í fleiri skólum hafi lýst sig tilbúna að taka þátt í verkfallsaðgerðum.

Erindið alltaf skýrt

● Sr. Karls Sigurbjörnssonar verður minnst í Kópavogskirkju ● Áhrifamikill kennimaður ● Bækur kynntar

Sigurður Bogi Sævarsson
sbs@mbl.is

Minningu og ævistarfi sr. Karls heitins Sigurbjörnssonar biskups verða gerð skil við guðsjónustu í Kópavogskirkju á morgun, sunnudaginn 17. nóvember. Þar mun sr. Þorvaldur Karl Helgason, náinn samstarfsmaður Karls til áratuga, prédika og þjóna fyrir altari ásamt sr. Sigurði Arnarsyni tengdasyni Karls. Við athöfnina, sem hefst kl. 11, sýngja félagar úr Kór Kópavogskirkju jafnhliða öðrum tónlistarflutungi, sungnir verða sálmatextar eftir Karl og sr. Sigurbjörn Einarsson föður hans. Sum lögir eru eftir Þorkel, bróður Karls. Bænirnar í almennu kirkjubæninni eru eftir Karl og fluttar af settingjum og vinum og ritingarlestur lesnir af vinum.

Eftir messu er kaffisamsæti í safnadarheimilinu Borgum. Þar flytur sr. Sveinn Valgeirsson, sóknarprestur Dómkirkjunnar, erindið *Sr. Karl samstarfsmaður, rithöfundur og þýðandi*. Þá mun sr. Hreinn Hákonarson ræða um bókina *Saga eiginkonunnar* í nýttkominni þýðingu Karls.

Karl Sigurbjörnsson (1947-2024) var áhrifamikill kennimaður; prestur í áratugi og biskup Íslands auk þess að sinna trúnaðar- og ritstörfum. „Karl var einkar starfs-



Morgunblaðið/Arnaldur

Kópavogur Fjölbreytt dagskrá og margs að minnst við messuna á morgun.



Karl Sigurbjörnsson

Sigurður Arnarson

samur: var að skrifa nánast fram á síðasta dag. Erindið var alltaf skýrt og viljinn til boða. Margir hafa líka notið verka hans í gegnum tíðina, en mér telst svo til að bækurnar sem

hann skrifaði um dagana eða þýddi séu eitthvað á sjötta tuginn,” segir Sigurður Arnarson.

Um þessar mundir koma út þrjár bækur sem Karl kom að. Fyrst er þar til að taka endurútgáfu bókarinnar *Dagur í senn*, þar sem finna má 365 hugleiðingar eftir Karl, allar af trúarlegum toga. Þá er að koma út fyrrgreind bók *Saga eiginkonunnar* eftir Aida Edemariam, revasaga konu í Eþíópíu sem missti aldrei kjarkinn þótt á móti blési en jafnframt er þetta einstök lýsing á mannlífi. Einnig er kynnt ritið *ritið Diddache – Kenning postalúnaðs tölf*, sem Karl þýddi úr frumtextanum.

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn rikissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinnna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. nóvember 2024, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. nóvember 2024 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 15. nóvember 2024, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskilyrða aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, oljugjaldi, klómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðaragjaldi, sektum skatttránsóknarstjóra, ofgreiddri uppþótt á eftirlaun, ofgreiðslu stuðnings úr rikissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi, klómetragjaldi vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnubifreiða og álögðum þing- og sveitarstjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útværsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálaefyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjármáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangöldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjármámsgjald í rikissjóð er 13 þúsund kr. fyrir hvert fjárnám. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afgreiddan fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og klómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuáætlun þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar glendir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. nóvember 2024

Ríkisskattstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfirðum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Brákarborg í fyrirasumar var byrjað að fjarlægja torfið af þaki leikskólans.

Tilboð opnuð í viðgerð leikskóla

● Lægsta boð í Brákarborg 223 milljónir

Sigtryggur Sigtryggsson
sis@mbl.is

Opnuð hafa verið tilboð í lagfæringar og endurbætur á húsnæði leikskólans Brákarborgar að Kleppsvægi 150-152.

Fjögur tilboð bárust. Það lægsta var frá Ístaki, krónur 223.208.968. Var það 11% af kostnaðaráætlun, sem hljóðaði upp á 197,5 milljónir.

Land og verk ehf. bauð tæpar 226 milljónir, E. Sigurðsson ehf. 273 milljónir og Múr og mál ehf. 285 milljónir. Verið er að yfirfara tilboðin.

Borgarráð heimilaði umhverfis- og skipulagssviði í síðasta mánuði að bjóða út framkvæmdir vegna endurbóta á húsnæði Brákarborgar.

Áætlað er að framkvæmdir geti hafist fljótlega og að þeim verði lokið fyrir hluta árs 2025.

Leikskólinn Brákarborg var opnaður á nýjum stað 2022 í endurgerðu húsnæði. Þetta eru tvö hús, samtals um tvö þúsund fermetrar. Fljótlega kom í ljós að ekki var allt með feldu. Leikskólanum var lokað og starfsemin flutt tímabundið í Ármúla.

Fram kemur í greinargerð skríf-

stofu og viðhalds að komið hafi í ljós hönnunar- og/öð framkvæmdagallar í framangreindu verki sem bregðast þurfi við. Gallarnir snúu einkum að burðarvirki hússins og uppbyggingu á þökum þess.

Reykjavíkurborg hefur nú látið hanna nauðsynlegar breytingar til að bæta úr framangreindum göllum.

Heildarúttekt gerð

Þá hefur borgarráð Reykjavíkur samþykkt að fela Innri endurskoðun og ráðgjöf borgarinnar að ráðast í heildarúttekt á ferlinu í kringum byggingu leikskólans Brákarborgar í ljósi mögulegra hönnunar- og/öð framkvæmdagalla.

Í því felst heildarúttekt á hönnun, framkvæmdum og eftirliti við framkvæmdir leikskólans. Einnig er ósk að eftir því að Innri endurskoðun og ráðgjöf geri tillögur að umbótum í tengslum við ferlið.

Í framhaldi af úttekt Innri endurskoðunar verður skoðað hvar ábyrgð liggur og verða þeir aðilar sem við á upplýstir um þá vinnu, segir í greinargerðinni.